

um af stjórn Svð. Ingólfur og hinum þriðja af nánustu ættingum Tómasar heitins, sem jafnframt er formaður sjóðsstjórnar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um eflingu hans og að sjóðurinn sé ávaxtaður með hæstu bankavöxtum á hverjum tíma. Höfuðstóll sjóðsins skal vera kr. 100 000.00, sem aldrei má skerða. Tekjur sjóðsins eru vextir og gjafir, er sjóðnum kunna að berast. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum SVFÍ og birtir í Árbók SVFÍ eins og aðrir reikningar félagsins.

7. gr.

Veita skal í fyrsta sinn úr sjóðnum í september 1972, og síðar úr því eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Stjórn sjóðsins skal velja björgunarsveitarmann, eða menn, hverju sinni, er hljóti styrk til náms samkvæmt 4. grein þessarar skipulagsskrár.

8. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari, ef meiri hluti sjóðsstjórnar telur ástæðu til, enda hljóti þær breytingar samþykki stjórnar Slysavarnafélags Íslands.

Í stjórn Minningarsjóðs Tómasar Guðbergs Hjaltasonar.

Pálmi A. Arason,

f. h. ættingja Tómasar Guðbergs Hjaltasonar.

Baldur Jónsson,

f. h. Slysavarnadeildarinnar Ingólfur.

Hannes Þ. Hafstein,

f. h. Slysavarnafélags Íslands.

AUGLÝSING

um útgáfu Sérlyfjaskrár, Lyfjaverðskrár II, ásamt Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins og breytingar nr. 1 við Lyfjaverðskrá II.

Frá og með 21. desember tekur gildi Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, ásamt Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins, felldar saman í eina bók, útgefna 14. nóvember 1969, svo og breyting nr. 1 við Lyfjaverðskrá II útgefin í dag.

Jafnframt fellur úr gildi Sérlyfjaskrá útgefin 30. september 1965, ásamt síðari viðaukum og breytingum. Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968, ásamt síðari viðaukum og breytingum og Lyfjaverðskrá III. Dýralyf. B. Sérlyfjaskrá frá 20. apríl 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. desember 1969.

Jóhann Hafstein,

Jón Thors.